

Reykjavík, 8. október 2018

Velferðarnefnd Alþingis

Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 21. mál, með tölvupósti til samtakanna þann 20. september 2018.

Geðhjálp hvetur Alþingi Íslendinga til að samþykkja þingsályktunartillöguna og leggja þar með sitt lóð á vogarskálarnar til mannréttindabaráttu fólks með geðfötlun og aðra fötlun. Með lögfestingunni yrði tekið stórt skref til að tryggja þessum hópi sambærileg mannréttindi og aðrir íbúar í landinu njóta nú þegar.

Íslensk lögræðislög fela í sér grundvallarréttindi Íslendinga til frelsis og sjálfstæðis. Lögin eru fæstum ofarlega í huga því sjaldgæft er að grundvallarmannréttindum fullveðja fólks sé ógnað. Öðru máli gegnir með fólk með geðraskanir og geðfötlun því vart líður sá dagur að einhver í þessum hópi sé ekki sviptur ákvarðanatöku eða frelsi eða jafnvel beittur þvingun á grundvelli laganna.

Geðhjálp hefur barist fyrir því að staðinn sé vörður um grundvallarmannréttindi þessa hóps með endurskoðun lögræðislaganna til samræmis við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Því miður hefur þessi barátta samtakanna ekki skilað tilætluðum árangri af ýmsum ástæðum. Ber þar hæst áhugaleysi viðeigandi stjórnvalda, skilningsleysi gagnvart hugmyndafræði samningsins og skort á sérþekkingu á innihaldi og túlkun samningsins.

Með hliðsjón af því telja samtökin að árangursríkasta leiðin til að stuðla að grundvallarmannréttindum fólks með geðfötlun og aðra fötlun felist í lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með lögfestingu samningsins verður samningurinn hluti af íslenskri löggjöf ásamt því að óumflýjanlegt verður að taka mið af honum og viðeigandi prófmálum sem væntanlega fara fyrir íslenska dómsstóla við endurskoðun lögræðisлага.

Geðhjálp vekur sérstaka athygli á því að ákvæði lögræðisлага um nauðungarvistun og þvingaða meðferð standast ekki grundvallargreinar Samnings Sameinuðu þjóðanna m.a. um frelsi, sjálfstætt líf og einkalíf¹ annars vegar og frelsi frá pyndingum, misnotkun og rétt til friðhelgi hins vegar.² Að mati Geðhjálpar er brýnt að þessar greinar verði endurskoðaðar með hliðsjón af samningnum hið fyrsta.

¹ 14. gr., 19.gr. og 22. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

² 15. gr., 16. gr. og 17. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Með sama hætti er vakin athygli á því að ákvæði laganna um lögræðissviptingar samræmist ekki að öllu leyti ákvæðum samningsins, sbr. meðfylgjandi lögræðiálit Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, mannréttindalögfræðings.³ Þar ber sérstaklega að líta til réttis fatlaðs fólks til eigin ákvarðantöku og tilvísun laganna til vægari úrræða.

Geðhjálp ítrekar hvatningu sína til stjórnvalda um að lögfesta fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um fatlað fólk. Með sama hætti eru stjórnvöld hvött til að efna til heildarendurskoðunar gildandi lögræðislaga til samræmis við samninginn í samvinnu við notendur, aðstandendur, hagsmunasamtök og aðra viðeigandi sérfræðinga.

Fyrir hönd landssamtakanna Geðhjálpar,

Hrannar Jónsson, formaður.



³ Lögræðiálit Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur um *Lögræðislögin og fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* var unnið að beiðni Geðhjálpar árið 2106.